



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 26. október 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Bílastæðasjóður

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra bílastæðasjóðs dags. 21. október 2016 varðandi að almenn bílastæði við Sólfarið við Sæbraut verði gerð gjaldskyld.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillaga framkvæmdastjóra bílastæðasjóðs



Umhverfis- og skipulagsráð
Hjálmar Sveinsson, formaður

Reykjavík 21. október 2016

Erindi: Tillaga um ný gjaldskyld svæði

Óskað er eftir því að umhverfis- og skipulagsráð leggi eftirfarandi tillögu um gjaldskyld bílastæði:

Að almenn bílastæði við Sólfarið við Sæbraut verði gerð gjaldskyld. Lagt er til að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 1 með tímagjaldinu 275 kr. á klukkustund og gjaldskyldutímanum frá kl.09:00 til kl.18:00 virka daga og frá kl.10:00 til kl.16:00 á laugardögum.

Við Sólfarið við Sæbraut eru 17-18 stæði. Mikið hefur borið á að aðilar leggi bílum sínum þarna í lengri tíma þannig að erfitt er fyrir þá aðila sem koma þarna í skoðunarferðir að fá bílastæði við Sólfarið sem er vinsæll viðkomustaður m.a. til myndatöku.

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi er mynd af svæðinu.

